

Bæjarstjórn - 1927

## FUNDARBOÐ

**1927. fundur bæjarstjórnar Hafnarfjarðar  
verður haldinn í fundarsal bæjarstjórnar Hafnarborg, miðvikudaginn 28.  
febrúar 2024 og hefst kl. 14:00**

### Dagskrá:

#### Almenn erindi

**1. 1604079 - Húsnæðisáætlun**

3.liður úr fundargerð bæjarráðs frá 21.febrúar sl.  
Lögð fram drög að húsnæðisáætlun Hafnarfjarðarkaupstaðar 2024. Sigurður Haraldsson sviðsstjóri mætir til fundarins.

Bæjarráð samþykkir framlagða húsnæðisáætlun fyrir árið 2024 og vísar í bæjarstjórn til staðfestingar.

**2. 2202583 - Reglur um leikskólavist**

2. liður úr fundargerð fræðsluráðs frá 21. febrúar sl.  
Reglur um leikskólavist í leikskólum Hafnarfjarðar til afgreiðslu.

Fræðsluráð samþykkir fyrir sitt leyti drög að reglum um leikskólavist og vísar til bæjarstjórnar til frekari samþykkis.

**3. 2310078 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013-2025, breyting Fornubúðir**

3.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.febrúar sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu við miðsvæði M7 og Hamarshöfn H6. Breytingin felst í að miðsvæðisreitirinn M7 er að hluta til breytt í samfélagsþjónustusvæði S42 og hafnargarður Hamarshafnar H6 er fluttur til.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna breytingu á landnotkun á hluta M7 Fornubúða og flutningi á hafnargarði Hamarshafnar. Erindinu er vísað til staðfestingar í bæjarstjórn.

**4. 2402366 - Aðalskipulag Hafnarfjarðar breyting, sveitarfélagsmörk**

4. liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22. febrúar sl.  
Lögð fram tillaga að breytingu á aðalskipulagi Hafnarfjarðar vegna breytinga á sveitarfélagsmörkum Hafnarfjarðar og Garðabæjar.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir tillögu að óverulegri breytingu á

aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013-2025 vegna færslu sveitarfélagsmarka Hafnarfjarðar til samræmis við sveitarfélagsmörk Garðabæjar. Málsmeðferð fari skv. 2.mgr. 36. greinar skipulagslaga og vísar til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **5. 2402458 - Hamraneslína I og II, framkvæmdaleyfi**

5.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.febrúar sl. Landsnet sækir 14. febrúar 2024 um framkvæmdaleyfi vegna niðurrifs á 10 tvírása möstrum í Hamraneslínu 1 & 2 og að leggja í þeirra stað 3,7 km langan 220 kV jarðstreng fyrir hvora rás innan Hafnarfjarðarbæjar í samræmi við stefnu og aðalskipulag sveitarfélagsins. Um er að ræða þann hluta Hamraneslína 1 & 2 sem nær frá Kaldárselsvegi að tengivirkinu í Hamranesi.

Fyrirhugaðar framkvæmdir eru í samræmi við gildandi deiliskipulag. Skipulags- og byggingarráð felur skipulagsfulltrúa að gefa út umbeðið framkvæmdaleyfi og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **6. 2402509 - Baughamar 7, breyting á deiliskipulagi**

7.liður úr fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.febrúar sl. Jóhann Einar Jónsson f.h. lóðarhafa leggur 16.2.2024 inn tillögu að deiliskipulagi reitar 31.C. Gert er ráð fyrir 55 íbúðum í tveimur 6 hæða fjölbýlishúsum auk bílajakjallara sem rúmar 53 bíla en auk þess er 9 bílastæði innan lóðar. Tillagan gerir ráð fyrir stækkun lóðar um 93 fm. vegna djúpgáma.

Skipulags- og byggingarráð samþykkir að auglýsa tillögu að deiliskipulagi reitar 31.C í Hamranesi og vísar erindinu til staðfestingar í bæjarstjórn.

#### **7. 2402182 - Hælisleitendur, staða, fjöldi, fyrirspurn**

Bæjarfulltrúar Samfylkingar og Viðreisnar óska eftir málinu á dagskrá bæjarstjórnar.

Umræður, tillögur.

Greinargerð

Hafnarfjarðarbær hefur tekið þátt í móttöku flóttafólks undanfarin ár og hefur lagt mikið á sig til að hjálpa fólki á flóttu. Nú er svo komið að álagið er farið að segja til sín. Það er því mikilvægt að ræða stöðuna og stefnuna í málaflokknum.

#### **Fundargerðir**

#### **8. 2401143 - Fundargerðir 2024, til kynningar í bæjarstjórn**

Fundargerð fræðsluráðs frá 21. febrúar sl.

a. Fundargerð iþrótt- og tómstundanefndar frá 13.febrúar sl.

Fundargerð fjölskylduráðs frá 20. febrúar sl.

Fundargerð umhverfis- og framkvæmdaráðs frá 21.febr. sl.

a. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 6.febr. sl.

b. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 16. og 19. janúar sl.

Fundargerð skipulags- og byggingaráðs frá 22.febrúar sl.

Fundargerð bæjarráðs frá 21.febrúar sl.

- a. Fundargerð menningar- og ferðamálanefndar frá 14.febrúar sl.
  - b. Fundargerð stjórnar Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 26.janúar sl.
  - c. Fundargerð stjórnar SORPU bs. frá 6.febrúar sl.
  - d. Fundargerð stjórnar SSH frá 5.febrúar sl.
  - e. Fundargerðir stjórnar Strætó bs. frá 16. og 19.janúar sl.
- Fundargerð forsetanefndar frá 26.febrúar sl.

26.02.2024

Rósa Guðbjartsdóttir bæjarstjóri